

HPE-2016-15 Sæborg í sókn

„Sæborg í sókn“ er nafn á sýningu sem verður haldin í félagsheimilinu Sæborg. Húsið er byggt árið 1910 og hýsir yfir 100 ára sögu í menningarlífi eyjarinnar. Markmiðið með sýningunni er að vekja samfélagið til umhugsunar um menningarverðmæti hússins og koma af stað vitundarvakningu til að hægt sé með sameiginlegu átaki að ráðast í endurbætur á húsinu sem er mjög illa farið.

Félagsheimilið Sæborg Hrísey var upphaflega byggt um 1910 sem verbúð. Leikklúbburinn Krafla keypti Sæborg 2009 af fasteignum Akureyrarbæjar. Það var með mikill bjartsýni sem ráðist var í að kaupa húsið en allar forsendur þeirra kaupa eru nú brostnar, bæði hefur fólki fækkað mikið og síðan hafa gjöld af húsinu hækkað gríðarlega. Húsið er í frekar lélegu ástandi en Krafla hefur fullan hug á að lagfæra það með tíð og tíma. En það er bjartsýnt og ákveðið fólk sem eftir er í félaginu og ætlar sér stóra hluti, það er búið að gera upp félagsheimili út um allt land og ættum við alveg að geta þetta líka en allt snýst um að fá stuðning frá samfélaginu og fleira fólk til liðs við okkur. Það þarf að búa til verk- og kostnaðaráætlun og hella sér svo út í verkið það er mjög mikið sem hægt væri að vinna í sjálfboðavinnu þegar búið er að sýna fram á áhuga og kraft til verksins. Helstu tekjur undanfarin ár hafa verið af leigu en húsið þykir alveg frábært til tónlistarflutnings en það hefur engan vegin nægt til þess að reka húsið. Einnig verður hægt að leigja húsið fyrir ýmsa aðra menningarstarfsemi. Ekki hefur verið sett upp leiksýning síðan 2007 en mikil fólksfækkun er helsta skýring á litlu starfi leikklúbbsins undanfarin ár. Sæborg þjónaði Hrísey sem félagsheimili, íþróttahús og leikhús í yfir 50 ár og margir sem þar stigu sín fyrstu dansspor í danskennslu og margir byrjuðu sinn íþrótt- og leikferil í húsinu. Það er mjög mikilvægt að halda í húsið því annað húsnæði er ekki í boði í eyjunni, nýja íþróttahúsið er allt of stórt fyrir minni starfsemi eins og afmæli, leiksýningar og tónleika því þar er ekki góður hljómburður og erfitt að búa til stemningu í stóra salnum. Þessi sýning sem sótt er um styrk til er samstarfsverkefni Ungmennafélagsins Narfa, Ferðamálafélags Hríseyjar og Leikklúbbsins Kröflu.

Verkefninu var úthlutað 350.000 kr.- í seinni úthlutun ársins 2016.